



Vettvangsteymi

Barna-og unglingsgeðdeild Landspítala

Henný Hraunfjörð
hjúkrunarfræðingur, MPH



Fyrirlesturinn

- Heimaþjónusta fyrir börn og unglunga með geðræna erfiðleika
- Vettvangsteymi BUGL
- Þjónustuánægjukönnun sem gerð var á Vettvangsteymi BUGL

Þróun geðheilbrigðisþjónustu

- Ríkari áhersla á að þjónustan mæti þörfum notenda
- Ein leið til þess er að færa þjónustuna til notenda
- Á Norðurlöndum þá miðar geðheilbrigðisþjónusta að því að þjónusta barnið í nærumhverfi þess (Braddick, Carral, Jenkins, og Jane-Llopis, 2009)

Samanburður við önnur lönd

- Heimaþjónusta mun meira notuð á Norðurlöndunum
- Í Bretlandi og Þýskalandi er heimaþjónusta algengt úrræði fyrir börn og unglunga með geðraskanir
- Sú þróun hefur átt sér stað í Evrópu að legudögum barna og unglunga á geðdeildum hefur fækkað mjög mikið vegna þess að farið er að vísa fyrr í úrræði í nærumhverfi þeirra (Braddick o.fl., 2009)

Hvers vegna heimaþjónusta?

- Einstaklingar eiga auðveldara með að tileinka sér nýja færni í því umhverfi sem þeir ætla að nota hana
- Oft nauðsynlegt að fagaðilar sjái raun aðstæður fjölskyldna – gefur nýja sýn á meðferð
- Þjónusta í nærumhverfi er framtíðin

Hvers vegna heimaþjónusta frh.

- Sýnt hefur verið fram á að heimaþjónusta geti gefið jafngóðan og varanlegri árangur en innlögn á geðdeild (Schmidt, Lay, Göpel, Naab og Blanz, 2006; Lay, Blanz og Schmidt, 2001; Mattejat, Hirt, Wilken, Schmidt og Remschmidt, 2001)

Heimþjónusta fyrir börn og unglunga með geðraskanir

- Sólveig Guðlaugsdóttir –frumkvöðull hefur sinnt heimþjónustu fyrir börn og unglunga með geðræna erfiðleika frá 1992
- Fyrst skráð í árskýrslu dagdeildar BUGL 1992

Vettvangsteymi

- Starfrækt frá 2004
- Þverfaglegt teymi-
 - 10 manna teymi í 2,5 stöðugildum
- Markmiðið er að styrkja foreldra í hlutverki sínu og styðja barnið í sínu umhverfi
- Unnið í samstarfi við heimili, skóla, félagsþjónustu, vinnustaði o.fl.

Starfsmenn

- Ástríður Thorarensen- þroskaþjálfari og listmeðferðarfræðingur
- Bóas Valdórsson, sálfræðingur
- Eva Ólafsdóttir, félagsráðgjafi
- Guðbjörg Björnsdóttir, iðjuþjálfari
- Guðrún Anna Auðunsdóttir, sjúkraliði og tómstundafræðingur
- Henný Hraunfjörð, hjúkrunarfræðingur
- Steinunn Gunnlaugsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur
- Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson, BA í sálfræði og framhaldsnám í árvekni
- Unnur Heba Steingrímsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur
- Unnur Valdemarsdóttir, leikskólasérkennari

Aðferð

- Meðferð utan stofnana
- Málastjórar á göngudeild gera tilvísun í teymið
- Tveir vinna saman með hvert mál
- Fjöldi vitjana misjafn eftir þörfum
- Áhersla á valdeflingu

Hugmyndafræði

- Byggir á
 - vistfræðikenningu Bronfenbrenner (social-ecological theory). Til að öðlast heildarsýn þarf að taka mið af aðstæðum einstaklingsins, míkro, mesó og makrókerfi.
 - kerfiskenningum (Bertalanffy) samkvæmt kerfiskenningunni er ekki hægt að skilja einstaklinginn án þess að skoða samspil hans og umhverfisins.

Íhlutun

- Byggir á :
 - Hugmyndafræði valdeflingar
 - Atferliskenningum
 - Virknikenningum
 - Boðskiptakenningum



Helstu viðfangsefni teymisins

- Dagskipulag
 - Koma reglu á háttatíma, morgunverk o.fl.
- Sjónrænt skipulag
- Umbunarkerfi
- Félagshæðisögur
- Ráðgjöf til skóla

Helstu viðfangsefni teymisins frh.

- Stuðningur við foreldra
- Ráðgjöf og fræðsla til foreldra og annarra í nánasta umhverfi
- Tenging við aðrar stofnanir og/eða úrræði

Þjónustukönnun

- Sendur spurningarlisti til allra þeirra sem notað höfðu þjónustu vettvangsteymis BUGL á 4 ára tímabili alls 92 foreldra.
- Svarhlutfall var 43,5% sem er svipað og í sambærilegum rannsóknum.
- Mælitækið sem notað var í þessa rannsókn hefur áður verið notað til þess að mæla reynslu foreldra af þjónustu leigudeilda BUGL .

Rannsóknarspurningar

- Rannsóknarspurningar
 - Hvaða þættir þjónustunnar nýtast foreldrum best?
 - Er munur á því hvernig foreldrar meta þjónustuna eftir því hvort barnið þeirra hefur legið á legudeildum BUGL eða ekki?
 - Eru foreldrar ánægðir með þjónustu vettvangsteymis BUGL?

Þátttakendur

- Mæður (91%)
- Búsett á höfuðborgarsvæðinu (80%)
- Í vinnu utan heimilis (75%)
- Í sambúð/hjónabandi með hinu foreldri barnsins (43%)
- Börn þátttakenda :
 - voru drengir (70%)
 - legið á legudeildum BUGL (70%)
 - meðalaldur 11 ár

Niðurstöður

- Almennt eru foreldrar mjög jákvæðir gagnvart þjónustu teymisins og lítil breidd er í svöruninni.
- Góður árangur næst í fræðslu til foreldra en nær allir þátttakendur (83%) telja að þeir hafi lært nýjar leiðir til þess að takast á við vanda barnsins síns.
- Meirihluti þátttakenda eða 97,5% var ósammála eða mjög ósammála því að það hafi upplifað að starfsfólk teymisins ásakaði það um þann vanda sem barn þeirra

Niðurstöður

- Yfir 95% þátttakenda upplifðu að starfsfólk teymisins hefði gefið þeim góðan tíma til þess að tjá líðan sína og að tekið hefði verið tillit til skoðana þeirra.
- Niðurstöður sýndu að foreldrar töldu að samskipti við starfsfólk vettvangsteymisins (100%) og fræðsla (88%) vera þá þætti sem voru mest gagnlegir.
- Meirihluti þátttakenda eða 87% voru sammála því að þjónusta teymisins hefði bætt líðan barns þeirra.
- Athygli vekur að 35% þátttakenda segjast óvissir um hvort vel hafi verið staðið að lokum á þjónustunni.

Niðurstöður

- Allir þátttakendur sem eiga barn sem legið hefur á barnageðdeild telja að þjónusta vettvangsteymis hafi verið frekar eða mjög góð.
- 11% foreldra barna sem legið hafa á unglingsgeðdeild telja þjónustu teymisins hvorki hafa verið góða né slæma og um 9% þeirra svarenda sem eiga barn sem ekki hefur dvalist á legudeildum BUGL.
- Um 67% þeirra sem eiga barn sem legið hefur á báðum deildunum telja þjónustuna hafa verið mjög góða.

Niðurstöður

- Nær allir þátttakendur sem taka afstöðu til fullyrðingarinnar „á heildina litið var sú þjónusta sem ég fékk frá vettvangsteyminu“ telja að hún hafi verið frekar (48%) eða mjög góð (40%) .
- Flest allir þátttakendur (85%%) telja að þjónustan sem barn þeirra fékk hafi verið frekar (47%) eða mjög góð (38%). Tveim þátttakendum þótti hún hvorki góð né slæm og fjórir þátttakendur svöruðu ekki spurningunni.

Athugasemdir þáttakenda

- Opnar athugasemdir foreldra endurspegla ánægju þeirra með þjónustuna og mikið þakklæti.
- Þeir upplifðu stuðning og fagmennsku frá starfsmönnum vettvangsteymisins.
- Helst má draga þann lærdóm af athugasemdum að teymismeðlimir þurfa að huga enn betur að samráði og samstarfi við foreldra.

Að lokum

- Sýnt hefur verið fram á að geðrænir erfiðleikar í barnæsku geta haft mikil áhrif á lífsgæði fólks á fullorðinsárum þess.
- Með aukinni heimaþjónustu væri hugsanlega hægt að stytta þann tíma sem börn þurfa að dvelja á legudeildum BUGL og jafnvel í sumum tilfellum koma í veg fyrir innlagnir.
- Því minna inngríp því minni áhrif á líf einstaklingsins.